



Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mikilvægi fræðslu um kristni og önnur trúarbrögð og lífsviðhorf.

Fyrir Alþingi liggur tillaga til þingsályktunar um mikilvægi fræðslu um kristni og önnur trúarbrögð og lífsviðhorf. Í tillögunni segir:

“Alþingi ályktar, með hliðsjón af markmiðsgrein laga um grunnskóla þess efnis að starfshættir grunnskóla skuli m.a. mótast af kristinni arfleifð, að mikilvægt sé að opinberir skólar vandi til fræðslu um hinn kristna menningararf þjóðarinnar í þeim tilgangi að stuðlað verði að auknum skilningi á þeirri arfleifð. Þess verði gætt að mannréttindi minnihlutahópa hvað varðar trú og lífsviðhorf verði í heiðri höfð og leitast verði við að leysa ágreiningsmál sem upp kunna að koma með sátt þannig að sem flestir geti við unað.”

Þjóðkirkjan fagnar þessari tillögu. Hún tekur undir mikilvægi þess að vandað sé til fræðslu um kristinn menningararf þjóðarinnar, trúarbrögð og lífsviðhorf. Skilningur á hinum kristna trúar- og menningararfi þjóðarinnar er nauðsynlegur til að skilja íslenskt samfélag og menningu. Skilningur á ólíkum trúar- og lífsskoðunum er mikilvægur til að auka virðingu og umburðarlyndi í samfélagi sem verður sífellt fjölbreyttara. Skólar gegna lykilhlutverki í þessu sambandi.

Þjóðkirkjan vill jafnframt lyfta fram viðmiðum um samstarf kirkju og skóla sem voru samþykkt árið 2008. Að gerð þeirra komu fulltrúar þjóðkirkjunnar, Félags kennara í kristnum fræðum, trúarbragðafræði og siðfræði, Samtaka sveitarfélaga, Skólastjórafélags Íslands, ásamt lektor í KHÍ og fyrrverandi fagstjóra í kristnum fræðum. Þar segir:


- Þjóðkirkjan gerir sér fulla grein fyrir að þrátt fyrir sérstöðu sína starfar hún í fjölhyggju- og fjölmenningslegu umhverfi þar sem taka verður tillit til ólíkra trúar- og lífsviðhorfa og að mikilvægt er stuðla að virðingu og umburðarlyndi.
- Kirkjan virðir að fullu sjálfstæði skólans. Það er á valdi stjórnenda skóla hvort samstarf við kirkjuna er tekið upp eða ekki. Þiggi skólastjórnendur þjónustu kirkjunnar eða samstarf við hana sem ágreiningi getur valdið, er það á ábyrgð skólans að bregðast við þeim ágreiningi í samvinnu við foreldra og aðra hlutaðeigandi aðila.
- Trúarbragðafræðsla og þar með kristindómsfræðsla er hluti af fræðslustarfi skólans og á forsendum hans, enda setur menntamálaráðuneytið þeirri fræðslu námskrá.
- Sé leitað eftir samstarfi við kirkjuna um einstaka þætti kristindómsfræðslunnar, svo sem vettvangsheimsóknir í kirkjur, er þátttaka starfsmanna kirkjunnar á forsendum skólans.
- Kirkjan telur mikilvægt að þátttaka starfsmanna hennar í skólustarfi sé kynnt foreldrum.
- Kirkjan vill kappkosta að í öllu samstarfi við skóla sé framlag hennar vel skilgreint og standist kröfur um vönduð fagleg vinnubrögð.
- Kirkjan lýsir sig fúsa til samstarfs við skóla um námskeið fyrir kennara. Slík námskeið verði skipulögð alfarið með hlutverk kennara í opinberum skólum í huga.

- Sé leitað eftir samstarfi við prest vegna áfalla, kemur presturinn til þess samstarfs sem þjónn kirkjunnar til stuðnings þeim sem fyrir áfalli hafa orðið og á forsendum þeirra.
- Ef óskað er eftir skólaguðsþjónustu í tengslum við jól eða aðrar hátíðir er það á forsendum kirkjunnar. Það er skólans að setja reglur um hvernig með það skuli fara ef foreldrar óska ekki að börn þeirra taki þátt í slíkum athöfnum.

Sú stefna hefur þegar verið mörkuð af menntamálaráðuneytinu að leyfi til þátttöku í fermingarfræðsluferðum á skólatíma er veitt af skólanum að beiðni foreldra. Kirkjan sem stofnun virðir þá ákvörðun. Kirkjan gerir ráð fyrir því að fermingarfræðslan fari fram utan hefðbundins skólatíma.

Reykjavík, 14. mars 2011

f.h.b.


Þorvaldur Karl Helgason, biskúpsritari

Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík 13. mars 2011

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mikilvægi fræðslu um kristni og önnur trúarbrögð og lífsviðhorf, 273. mál

Stjórn FÉKKST (Félag kennara í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræði) hefur fengið ofangreinda tillögu til þingsályktunar til umsagnar.


Í lögum um grunnskóla segir: „Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.“

Það er mat stjórnar FÉKKST að tillagan bæti engu við það sem þar stendur, lögin séu nægilega skýr. Engu að síður þarf að skoða ástæðu tillögunnar, en hún er viðbrögð við tillögu Mannréttindaráðs Reykjavíkur, „Skólastarf í Reykjavík og trúar- og lífsskoðunarmál“. En að mati stjórnar FÉKKST stangast sú tillaga á við áherslur aðalnámskrár grunnskóla og hamlar skapandi skólastarfi á sviði trúarbragðafræði og takmarkar sjálfstæði kennara í sínu faglega starfi.

Þrátt fyrir að lög um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla séu skýr um þetta efni hefur lægra sett stjórnvald, Mannréttindaráð Reykjavíkur kosið að fara gegn æðra stjórnvaldi, menntamálaráðherra og væri því eðlilegra að hinn lögboðni eftirlitsaðili, þ.e. menntamálaráðherra, hlutist til um málið og sjái til þess að grunnskólar og stjórnsýsla fari eftir lögum og aðalnámskrá enda hefur hún reglugerðarígildi. Sé ofangreind tillaga liður í því, styður stjórn FÉKKST hana eins og hún kemur fyrir.

Greinargerðin sem fylgir þingsályktunartillögunni er þeim mun skýrari og styður stjórn FÉKKST hana í öllum atriðum.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar FÉKKST



Fjalar Freyr Einarsson,
formaður FÉKKST

Alþingi
Erindi nr. P 139/1518
komudagur 25. 2. 2011

25.2.2011

Menntamálanefnd Alþingis

Þskj. 316 — 273. mál.

Tillaga til þingsályktunar

um mikilvægi fræðslu um kristni og önnur trúarbrögð og lífsviðhorf.

Framhaldsskólar starfa eftir framhaldsskólalögum og byggja starf sitt á Aðalnámskrá framhaldsskóla sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið gefur út. Framhaldsskólar hafa töluvert sjálfstæði um eigin námskrá, skólanámskrá, svo framarlega sem hún brýtur ekki í bága við Aðalnámskrá.

Alþingi Íslendinga setur framhaldsskólalög.

Ég er andvígur því að Alþingi skipti sér að öðru leyti af því sem skólar kenna eða kynna, starfsfólki framhaldsskóla er fyllilega treystandi til þess.

Með kveðju,

Hörður Ó. Helgason skólameistari Fjölbrautaskóla Vesturland

Alþingi
Erindi nr. P 139/1553
komudagur 2.3.2011

Framhaldsskólinn í
Austur-Skaftafellssýslu



Alþingi
Menntamálanefnd
150 Reykjavík


Hornafirði 1.3. 2011

Umsögn um 273. mál.

Til skólans barst tölvuskeyti sem er dagsett 25.2. 2011 þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um mikilvægi fræðslu um kristni og önnur trúarbrögð og lífsviðhorf.

Með nýjum lögum um framhaldsskóla er valdið til að ákveða innhald og uppbyggingu náms að mestu fært til skólanna sjálfra frá ráðuneytinu sem áður var ráðandi í þessu efni. Það að Alþingi hlutist til um framkvæmd á einstaka viðfangsefnum framhaldsskóla er ekki í anda framangreindra breytinga. Ekki er því mælt með að tillagan verði samþykkt. Það skal tekið fram að engin vandamál hafa komið í upp skólanum varðandi umfjöllun um trúarbrögð eða trúarskoðanir nemenda eða starfsmanna.

F.h. Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu


Eyjólfur Guðmundsson skólameistari



Alþingi
Erindi nr. P 139/1727
komudagur 16.3.2011

Menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 14. mars 2011
Tilv.: 1102127

**Umsögn Háskólans á Akureyri (HA) um tillögu til þingsályktunar um mikilvægi
fræðslu um kristni og önnur trúarbrögð og lífsviðhorf, þskj. 316, mál nr. 273.**

Umsögnina gerði dr. Guðmundur H. Frímansson prófessor við kennaradeild hug- og félagsvísindasviðs HA.

Háskólinn á Akureyri getur ekki stutt að þessi þingsályktunartillaga verði samþykkt óbreytt.

Í tillögunni er lagt til „að mikilvægt sé að opinberir skólar vandi til fræðslu um hinn kristna menningararf þjóðarinnar í þeim tilgangi að stuðlað verði að auknum skilningi á þeirri arfleifð.“ Helstu rökin eru ákvæði laga sem kveða á um að starfshættir grunnskóla skuli m.a. mótast af kristinni arfleifð. Einnig er sagt að virt verði réttindi þeirra sem teljast til minnihlutahópa um trúar- og lífsviðhorf, og að ágreiningsmál verði leyst þannig að allir sætti sig við.

Greinargerðin með tillögunni er fjórar efnisgreinar. Þrjár þær fyrstu eru í aðalatriðum andmæli og athugasemdir við tillögu sem mannréttindaráð Reykjavíkur hefur haft til skoðunar og fjallar um samskipti skóla og trúfélaga. Það kemur ekki fram hvort mannréttindaráðið hefur afgreitt þessar tillögur. En staðhæft er að verði þær að veruleika séu þær ofríki undir merkjum trúfrelsis. Verði komið í veg fyrir það að Nýja testamentinu sé dreift til skólabarna eins og Gideonfélagið hefur gert sl. 60 ár eða svo, geti þau farið á mis við að skilja verk sem „hefur algera sérstöðu hér á landi“. Í þriðju efnisgreininni er bent á að skólar og þjóðkirkjan bjóði ýmislegt í sameiningu og hafi það á heimasíðu sinni svo að foreldrar geti brugðist við því. Síðan er sagt: „Það er því deginum ljósara að þessar tillögur sem liggja fyrir mannréttindaráði Reykjavíkur skilgreina trúfrelshugtakið afar þröngt, jafnvel neikvætt.“

Í síðustu efnisgreininni er fjallað um að skóli í fjölhyggjusamfélagi þurfi að gæta að réttindum allra, gera mismun sýnilegan og stuðla að umburðarlyndi. Það lærist ekki í tómarúmi. Sömu leiðis þurfi að rækta íslenskan menningararf.

Í þessari tillögu er vikið að einu af erfiðari verkefnum skóla í samfélagi samtímans: Hvert er og á að vera samband grunnskóla og trúfélaga og hver á að vera staða trúar í grunnskólum? Svörin við þessum spurningum eru flókin og það þarf að taka tillit til ýmissa sjónarmiða. Það er full ástæða til að stuðla að sem víðtækastri umræðu um þessi mál í íslensku samfélagi og leitast við að komast að niðurstöðu sem kemur til móts við öll lögmæt sjónarmið í þessu efni. Til að leggja áherslu á hversu viðkvæmt og flókið samband skóla og trúmála er, er ástæða til að benda á að Mannréttindadómstóll Evrópu hefur fellt marga dóma um stöðu trúar í skólum og nægir að benda á *Lautsi gegn Ítalíu* frá 2009 þar sem niðurstaðan var, að það væri brot á mannréttindum að hafa trúartákn í öllum skólastofum á Ítalíu.



Taka verður fram að fullskipaður dómstóll mun komast að lokaniðurstöðu um það mál síðar í þessum mánuði, og *Folgerø og aðrir gegn Noregi* frá 2007, þar sem norska ríkið var dæmt sekt um að hafa ekki komið nægilega til móts við nemanda sem taldi sér ekki skylt að sækja skylduáfanga í kristinfræði í grunnskóla.

Það er ástæða til að gera eftirfarandi athugasemdir við þingsályktunartillöguna sjálfa:

1. Í lögum um grunnskóla og Aðalnámskrá er það grundvallaratriði að *fræðsla* eigi sér stað í skólum en ekki *boðun*. Trúfélögin sjá um boðunina. Eins og vikið er að í greinargerðinni þótt það sé ekki sagt berum orðum, þá hefur íslenska þjóðkirkjan viðurkennt þennan mun á stöðu skóla og trúfélaga. Grunnskólinn fræðir um trú og trúarlíf og getur kallað til fulltrúa ólíkra trúfélaga til að tryggja fræðslu frá ólíkum sjónarhornum. Sömuleiðis kennir grunnskólinn sögu og það er alveg rétt hjá flutningsmönnum að kristin trú og kristin kirkja eru lykilatriði til að skilja Íslandssögu og raunar sögu allrar Evrópu.

2. Heiti tillögunnar er: „Tillaga til þingsályktunar um mikilvægi fræðslu um kristni og önnur trúarbrögð og lífsviðhorf.“ Í tillögunni sjálfri er hins vegar einungis fjallað um kristni og í greinargerðinni er einungis vikið að fræðslu um trúmál og umburðarlyndi í lokin. Það er ósamræmi þarna á milli.

3. Það er erfitt að koma auga á samband á milli þess sem mannréttindaráð Reykjavíkurborgar er að fjalla um og þeirrar tillögu sem hér liggur fyrir. Það hefði farið betur á því að flytjendur tillögunnar hefðu gert sjálfstæða grein fyrir skoðunum sínum á efni tillögunnar fremur en að eyða fyrirhöfn í að hnýta í mannréttindaráð Reykjavíkurborgar.

Í síðustu efnisgrein greinargerðarinnar er vikið að einu grundvallaratriði þessa máls: börn og unglingar kynnast ólíkum viðhorfum og sjónarmiðum til trúar og trúarlífs og læra umburðarlyndi með því að umgangast önnur börn og unglunga með önnur viðhorf og aðra trú en þau sjálf í skólanum. Það er eitt af vandasömum verkefnum íslenskra grunnskóla að sjá til þess ólíkir einstaklingar með ólík viðhorf í trúmálum læri að skilja stöðu og mikilvægi trúar og trúarlífs, læri að virða og umbera hver annan, en þetta verkefni hefur lítið verið rannsakað og allt of lítið rætt. Það er full ástæða til að hvetja til rannsókna á þessu verkefni grunnskólans og að skólafólk ásamt trúfélögum, kristnum sem öðrum, ræði það og komist að niðurstöðum.

Fyrir hönd Háskólans á Akureyri,

Stefán B. Sigurðsson, rektor



Reykjavík, 11. mars 2011

Umsögn Heimilis og skóla um tillögu til þingsályktunar – 273. mál

Heimili og skóli - Landssamtök foreldra gera athugasemd við þingsályktunartillögu um mikilvægi fræðslu um kristni og önnur trúarbrögð og lífsviðhorf (þskj. 316 - 273. mál) sem send hefur verið samtökunum til umsagnar. Heimili og skóli telja aðalnámskrá leik- og grunnskóla vera rétta vettvanginn fyrir áherslur í skólastarfi og að þar sé nægilega skýrt kveðið á um kennslu um kristni og önnur trúarbrögð og lífsviðhorf.

Heimili og skóli telja að trúarbragðafræðsla í skólum sé mikilvægur hluti af sögu mannkyns, menningu og listum. Þó flestir Íslendingar séu kristinnar trúar, og kristin trú hafi mótað sögu og menningu þjóðarinnar, fer þeim fjölgandi sem játa önnur trúarbrögð eða eru trúlausir. Því er mikilvægt að í skólum sé virðing borin fyrir trúarbrögðum einstaklinga og að rétturinn til trúfrelsis sé virtur.

Fyrir hönd stjórnar Heimilis og skóla – Landssamtaka foreldra:

Sjöfn Þórðardóttir
formaður Heimilis og skóla.



Alþingi
Erindi nr. P 139/1608
komudagur 8.3.2011
Hrunamannahreppur.

Sími 480 6600, Fax 480 6606, netfang; hruni@fludir.is, heimasíða www.hrunamannahreppur.is

Menntamálanefnd Alþingis
b.t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur
Nefndarsviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mikilvægi fræðslu um kristni og önnur trúarbrögð og lífsviðhorf.

Á fundi hreppsnefndar Hrunamannahrepps 3. mars s.l. var fjallað um umsögn um tillögu til þingsályktunar um mikilvægi fræðslu um kristni og önnur trúarbrögð og lífsviðhorf.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Oddviti lagði fram beiðni um umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um mikilvægi fræðslu um kristni og önnur trúarbrögð og lífsviðhorf. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við þingsályktunina.“

Flúðum 4. mars 2011



Sveitarstjórn
Hrunamannahreppi.

Jón G. Valgeirsson



Alþingi
Erindi nr. P 139/1778
komudagur 23.3.2011



HVÍTASUNNUKIRKJAN
FÍLADELFA

Hvítasunnukirkjan á Íslandi
12.03.2011

Vegna þingsályktunartillögu um mikilvægi fræðslu um kristni og önnur trúarbrögð og lífsviðhorf, 273. mál.

Að mati Hvítasunnukirkjunnar á Íslandi er tillagan góð. Þekking er grundvöllur upplýstrar umræðu og fordómaleysis og er þekking á trúarviðhorfum ekki undanskilin. Staða kristinnar trúar er einstök í vestrænum samfélögum, sérstaklega hvað varðar bókmenntaarf okkar og listir. Þekking á helstu stefnum og grundvallarhugmyndum kristinnar trúar er þar af leiðandi grundvöllur fyrir góðum skilningi á sögu okkar og menningu.

Við tökum heilshugar undir það að þrátt fyrir einstaka stöðu kristinnar megi ekki halla á börn sem eru annarrar trúar, en að sama skapi er þeim ekki greiði gerður með því að neita þeim um tækifærið að kynnast kristni og kristnum hugmyndaheimi. Grundvöllur hins vestræna gildismats er að finna í hinni gyðing-kristnu hefð, sá sem kemur úr öðrum menningarheimi á auðveldara með að fá sambengi í gildismat vestrænna samfélaga þekki hann grunninn.

Um gildi Nýja Testamentisins og aðgang að því verður ekki deilt. Nýlega fór hið opinbera í Bretlandi þess á leit við Biblíufélagið þar að það útbyggi einskonar leiðarvísir um helstu stef og þemu Biblíunnar því nemendur skildu ekki breskar bókmenntir, aðallega Shakespeare, því þau þekktu ekki Biblíuna. Að til sé hópur fólks sem vill safna fé til að gefa skólabörnum bók, sem námsskrá gerir kröfu um að börnin kunni skil á, er nokkuð sem ber að fagna ekki að banna. Þess vegna erum við því heilshugar sammála að Gídeon félaginu skuli vera heimilt að dreifa Nýja Testamentinu í skólum.

Meðan það er stefna evrópusambandsins að efla trúarbragðakennslu og að víða sé stefnan sú að kennsla um trúarbrögð fari fram á forsendum trúarhópanna sjálfra, til að tryggja hlutlausu framsetningu og til að ítreka að bakvið trúarbrögðin sé fólk, er það óskiljanlegt ef íslenskt menntakerfi ætlar aðra leið. Meðan helstu hátíðir kristinnar eru opinberar hátíðir á Íslandi er það þar af leiðandi eðlilegt að börn séu frædd um þær hátíðir, af hverju þær eru haldnar og fái að sjá innviði kirkjubygginga. Enda er það deginum ljósara að kennarar sem kenna börnum á hverjum degi og foreldrar barnanna hafa mun meiri áhrif á gildismat þeirra og trú en prestur eða djákni sem þau sjá tvisvar til þrisvar á ári. Fræðsla jafngildir ekki trúboði. Það felast mjög gildishlaðin skilaboð í því að skólinn loki allt trúarlegt úti, eðlilegra er að taka umræðuna um trúarbrögðin í skólanum eins og allt annað.


Það er ekkert óeðlilegt við það að sú trú sem 80% Íslendinga játa endurspeglar í skólanum, eins og aðrir þættir menningar okkar. Skólar eru fyrst og fremst fræðslustofnanir og því er eðlilegt að allt samstarf kirkju og skóla taki mið af hlutverki skólanna, best er að slíkt samstarf sé mótað í samstarfi kirkju og viðkomandi skóla.

Fræðsla um trú er jafneðlileg og samfélagsfræði og saga, fræðsla um kristna trú er nauðsynleg sem hluti af samfélagsfræði og sögu okkar.

Hvítasunnukirkjan á Íslandi styður tillögunu.

Fyrir hönd Hvítasunnukirkjunnar á Íslandi

Aron Hinniksson
Vörður Leifur Traustason



Alþingi
Erindi nr. P 139/1702

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFAN komudagur 15. 3. 2011
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. mars 2011.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um mikilvægi fræðslu um kristni og önnur trúarbrögð og lífsviðhorf, 139. löggjafarþing 2010 -2011. Þingskjal nr. 316 – 273. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreind þingsályktunartillaga. Markmið hennar er að Alþingi taki afstöðu í þeim ágreiningi sem uppi hefur verið í þjóðfélaginu með aðkomu kirkjunnar að nemendum í skólum landsins og með hvaða hætti trúarbragðakennslu og þátttöku í starfi kirkjunnar skuli háttað. Flutningsmenn tillögunnar vilja að Alþingi standi vörð um kristna arfleifð Íslands og beiti sér fyrir því að auka skilning á henni ásamt því að standa vörð um trúfrelsi minnihlutahópa.

Mannréttindaskrifstofan vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Í 62. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 segir að hin evangelíska lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi og njóta verndar og stuðnings ríkisvaldsins. Trúfrelsi er svo tryggt með ákvæði 63. gr. þar sem segir að allir eigi rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í takt við eigin sannfæringu. Trúfrelsi nýtur einnig verndar í þeim fjölmörgu alþjóðlegu mannréttindasáttmálum sem Ísland er aðili að. Slíkt ákvæði er t.d. í 9. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) og í 2. gr. 1. viðauka við MSE er fjallað um réttinn til menntunar og þar segir;

„Engum manni skal synjað um rétt til menntunar. Hið opinbera skal í öllum ráðstöfunum sínum, er miða að menntun og fræðslu, virða rétt foreldra til þess að tryggja það að slík menntun og fræðsla sé í samræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra.“

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur sagt að aðildarríki verði, til að fullnægja skyldum sínum samkvæmt MSE er snertir menntun og kennslu, að vanda til þess að þeim upplýsingum og þekkingu sem á námsskrá eru, sé komið til skila á hlutlægan og gagnrýninn hátt sem tekur mið af fjölhyggju.¹

Í 18. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórn mála­leg réttindi (SBSR) er kveðið á um réttinn til að vera frjáls hugsana sinna, sannfæringar og trúar. Í almennri athugasemd (general comment) nr. 22 hefur Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna fjallað um 18. gr. SBSR og sagt að í 4. mgr. ákvæðisins felist að ríkjum sé heimilt að kenna trú og siðferði í sögulegu samhengi og skuli sú kennsla vera hlutlæg og hlutlaus. Nefndin segir enn fremur að sérstök kennsla um tiltekna trú eða sannfæringu sé ekki í samræmi við ákvæðið nema að þeir nemendur sem ekki vilja/geta tekið þátt í síku, þar sem slík kennsla fer gegn óskum foreldra/forráðamanna þeirra, fái

¹ Ragnhildur Helgadóttir. *Hugsana-, samvisku og trúfrelsi*. Í Mannréttindasáttmáli Evrópu. bls. 354-355.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFU ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

sambærilega kennslu í þeirra eigin trú eða þá að þeim sé boðið upp á aðra kennslu á meðan í samræmi við óskir foreldra/forráðamanna þeirra.

Þegar einn eða fleiri nemendur geta ekki tekið þátt í kennslu í skólanum vegna þess að það samræmist ekki trúar- eða lífsskoðunum þeirra, ber að tryggja að þeir tapi ekki á því, þ.e.a.s. að þeir fái viðhlítandi kennslu í stað þeirrar sem þeir missa af. Í ákvæði 64. gr. stjórnarskrárinnar felst slík regla, en þar segir að enginn megi missa neins í borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna. Ríkisvaldinu ber að tryggja þetta með því að takmarka þær stundir sem slíkar aðstæður geta komið upp og tryggja þá fullnægjandi kennslu fyrir þessa einstaklinga í slíkum tilvikum.

Í 65. gr. stjórnarskrárinnar er að finna vernd gegn hverskyns mismunun m.a. á grundvelli trúarbragða og skoðana. Hin síðari ár hefur skilningur manna á mismunun og hvernig best er að taka á henni þróast. Má segja að í dag sé vernd gegn mismunun best tryggð í því að gera samfélagið þannig úr garði að allir njóti jafnra réttinda og tækifæra. Til þess að svo geti verið þarf að gera umhverfi og aðstæður allar þannig að allir geti átt jafnan kost á því að vera þátttakendur. Þannig á ekki bara að bæta aðgengi fyrir fatlaða einstaklinga ef þeir þurfa að nota þann stað/aðstöðu sem um er rætt heldur á staðurinn/aðstaðan að vera þannig úr garði gerð að allir geti nýtt sér hann/hana. Það sama má segja um skólakennslu, kennslan ætti að vera sniðin jafnt að þörfum allra nemenda og höfða til allra nemenda jafnt, óháð uppruna, trú eða lífsskoðunum. Þannig væri kennslan ekki á þann veg að sömu nemendur þyrftu ávallt að víkja vegna þess að kennslan væri bara sniðin að ákveðnum hluta nemendanna. Með góðum rökum má því segja að trúfélög og aðrir sem vilja ná til barna skuli velja sér annan vettvang en kennslustofurnar og að það skuli gilda um öll trúfélög jafnt. Eins og áður hefur komið fram má kenna nemendum almennt um trúarbrögð og sögu þeirra en í ljósi fjölmenningsamfélagsins, innlendarar löggjafar og alþjóðlegra skuldbindinga Íslands á sviði mannréttinda færi ekki vel á að hampa einni trú ofar öðrum.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 139/2001
komudagur 11.4.2011

Bæjarráð Mosfellsbæjar sendir svohljóðandi umsögn.

Tillagan hljóðar svo: "Alþingi ályktar, með hliðsjón af markmiðsgrein laga um grunnskóla þess efnis að starfshættir grunnskóla skuli m.a. mótast af kristinni arfleifð, að mikilvægt sé að opinberir skólar vandi til fræðslu um hinn kristna menningararf þjóðarinnar í þeim tilgangi að stuðlað verði að auknum skilningi á þeirri arfleifð. Þess verði gætt að mannréttindi minnihlutahópa hvað varðar trú og lífsviðhorf verði í heiðri höfð og leitast verði við að leysa ágreiningsmál sem upp kunna að koma með sátt þannig að sem flestir geti við unað."

Ástæða ályktunar eru deilur um ákvörðun sveitarfélagsins Reykjavík um ákvarðanir sem snerta skólastarf. Þingmenn eru ósáttir við gjörðir sveitarfélagsins og stefnu í skóla- og mannréttindamálum. Hér er ekki tekin afstaða til þeirrar deilu.

En greinargerð með ályktuninni segir í lokin: "Kennurum og skólasstjórnendum er fyllilega treystandi til að sinna þessu hlutverki og hafa ekki þörf fyrir miðstýringu opinberra nefnda í því skyni."

Þannig er málum mestmegnis hagað í Mosfellsbæ og reynst affærasælt. Það er reyndar spurningarmerki hvað hægt sé að gera við slíka miðstýrða ályktun frá Alþingi Íslendinga. Það er menntamálaráðuneytis að hafa eftirlit með að sveitarfélög sjái til þess að farið sé að lögum, aðalnámskrá og öðrum reglugerðum sem lúta að skólastarfi. Ef þingmenn telja að brotin séu grunnskólalög þá ber þeim væntanlega að vekja athygli ráðuneytis á því. Það er ef til vill tilgangur þingsályktunartillögunnar, þó ekki segi svo berum orðum.

Virðingarfyllt.

f.h. bæjarráðs Mosfellsbæjar

Stefán Ómar Jónsson

framkvæmdastjóri stjórnarsýslusviðs

13. mars, 2011

Umsögn um:

Tillaga til þingsályktunar - um mikilvægi fræðslu um kristni og önnur trúarbrögð og lífsviðhorf.
139. löggjafarþing 2010–2011.
Þskj. 316 — 273. mál.

Menntamálanefnd Alþingis

Til að unnt sé að fjalla um þessa tillögu þarf að feðra hana rétt. Greinargerðin, sem fylgir tillögunni, er nánast orðrétt og samhljóða pistli sr. Gísla Jónssonar er birtist á vefriti Biskupsstofu, <http://www.tru.is>, þann 7. desember sl. Þingskjalið er þó að sönnu lagt fram nokkrum dögum fyrr, en báðir eru sr. Gísli og 1. flm. tillögunnar stakir heiðursmenn með óflekkað mannorð og því útilokað að um ritstuld sé að ræða. Því verður að telja líklegt að þingsályktunartillagan sé unnin í nánú samstarfi við Þjóðkirkjuna og að hún sé jafnvel runnin undan rifjum hennar, enda samband þings og kirkju ákaflega náið og frjósamt eins og alkunna er.

Það skársta sem sagt verður um greinargerðina með tillögunni er það að hún er stutt. Annars er hún óljós, illa unnin og illa rökstudd, auk þess sem henni er ætlað að hindra hlutlaust skólustarf. Í þessari hroðvirknislega unnu greinargerð er stuðst mjög við hefðarrök og hreinan hræðsluáróður. Tillagan er augljóslega samin til höfuðs ályktun Mannréttindaráðs Reykjavíkur um trúmál og skóla og er með ólíkindum að flutningsmenn telji það í sínum verkahring að múlbinda skóla borgarinnar á klafa trúhelsis og mannréttindabrota. Engum dylst sem les tillöguna að hún er ekki lögð fram til að gæta réttinda minnihlutahóps trúfrjálsra einstaklinga, heldur er hún til þess ætluð að hygla einum trúarbrögðum umfram allar aðrar lífsskoðanir.

Flutningsmenn vitna bæði í Barnasáttmála SP og Toledo skýrslu ÖSE, en augljóst er að þeir skilja ekki, eða kjósa að mistúlka, það sem þeir vitna í. Þannig er því haldið fram að Barnasáttmálinn tryggi barni trúfrelsi, en hitt ósagt látið að jafnframt beri að virða skyldur foreldra og lögráðamanna að leiðbeina barninu um beitingu slíks réttar í samræmi við þroska þess. Það er jafnframt undarlegt að gera trúfrelsi barna að ásteytingarsteini í þessu samhengi því skólinn er menntastofnun og á ekki að vera vettvangur trúboðs eða trúarinnrætingar. Eins misskilja flm. Toledo skýrsluna – hún er leiðbeinandi um trúarbragðafræðslu og þar kemur m.a. fram að fræðsla um trúarbrögð skuli vera sanngjörn, nákvæm og byggð á áreiðanlegri fræðimennsku. Allir sem hafa til þess nennu að grenslast fyrir um vita að leiðbeiningar Toledo skýrslunnar eru að engu hafðar þegar kemur að ætlaðri fræðslu um trúarbrögð í grunnskólum og síst ástæða til að auka enn á þá hörmung. Dreifing Gídeon á Nýja Testamentinu í grunnskólum er svo sér kapituli út af fyrir sig og það er dapurlegt til þess að vita að flm. tillögunnar sjái ekkert athugavert við slíkt.

Flutningsmenn tillögunnar ætla Þjóðkirkjunni greinilega stóra hluti í skólakerfinu og taka sérstaklega fram að: „Kirkjan hefur löngu lýst því yfir að hún viðurkenni og virði ólík hlutverk skóla og kirkju“. Þessa sér hins vegar hvergi stað í sívaxandi brambolti kirkjunnar innan skólakerfisins. Er skemmst að minnast hinnar svo kölluðu „Vinaleiðar“ Þjóðkirkjunnar, en henni var ætlað að koma djáknum kirkjunnar varanlega inn í hvern skóla. Þar átti að draga grunnskólabörn í dilka eftir hentugleikum kirkjunnar, en þessi umbúningur dó drottni sínum eftir kæru til Persónuverndar. Forsvarsmenn og prestar Þjóðkirkjunnar hafa aldrei farið dult með áhuga sinn á grunnskólabörnum og því að ná til þeirra með öllum ráðum innan veggja leik- og grunnskóla. Þessa má víða sjá stað bæði í ræðu og riti og er þá lítt hugað að réttindum minnihlutahópa.

Eins og flm. benda á er kveðið á um í Aðalnámsskrá að starfshættir grunnskóla skuli m.a. mótast af kristinni arfleifð. Það er vandséð hverju þessi tillaga á að skila því til viðbótar utan aukinni ásókn Þjóðkirkjunnar inn í grunnskólana. Kirkjan hefur aldrei haft jafn mikil tækifæri og aðstöðu og nú í eigin ranni til að ná til þeirra sem það vilja með boðskap sinn. Félagið Vantrú hefur aldrei verið því mótfallið að grunnskólabörn séu frædd rækilega um trú og siði sinnar eigin þjóðar og annarra.

Félagið gerir hins vegar þá kröfu að slík fræðsla sé sanngjörn, nákvæm og byggð á áreiðanlegri fræðimennsku.

Þessi þingsályktunartillaga er þarflaus, illa ígrunduð og ósvífin. Með henni ætla flm. að ganga í berhögg við mannréttindi og eðlilega samfélagsþróun. Grunnskólabörnum, foreldrum þeirra og forráðamönnum er enginn greiði gerður með þessari tillögu og er vandséð hverju hún á að skila öðru en sundrunu og úlfúð.

Heimildir:

1. <http://tru.is/pistlar/2010/12/athugasemdir-vid-tillogur-mannrettindarads> (sótt 7. mars 2011).
2. http://www.humanistfederation.eu/index.php?option=com_content&view=article&id=165 (sótt 7. mars 2011).
3. http://www.barn.is/adalsida/barnasattmalinn_i_heild/ (sótt 7. mars 2011).
4. Einar Ómarsson og Þorsteinn V. Einarsson. Greinargerð með kennsluhugmyndabanka fyrir trúarbragðafræði. Háskóli Íslands. Menntavísindasvið – Kennaradeild (grunnskólakennarafræði). Lokaverkefni til B.Ed. –gráðu. Apríl 2010.

F/h félagsins Vantrúar:



Baldvin Örn Einarsson, varaformaður



Alþingi
Erindi nr. P 139/1S20
komudagur 25. 2. 2011

NEFNDASVIÐ ALÞINGIS,
AUSTURSTRÆTI 8 - 10
150 - REYKJAVÍK

EFNI: UMSÖGN UM MÁL 273

Stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi styður framgang máls 273 um mikilvægi fræðslu um kristni og önnur trúarbrögð og lífsviðhorf.

Lítur hún svo á að með samþykkt þess á hinu háa Alþingi myndu þingmenn tenja sér að sýna af sér gott fordæmi og láta af bræðra- og systravígum, sem þar tíðkast og halda enn betur í heiðri „boðorðin 10“, er við flest hver áttum þess kost á að nema við fótiskör mæðra okkar og feðra, hvort sem vera skyldi í upphaflegri merkingu eða jákvæðri túlkun eins og hún er fram sett hér að neðan.

Boðorðin 10 og *Boðorðin 10 í jákvæðri túlkun*

1. Ég er Drottinn, Guð þinn, þú skal ekki aðra guði hafa
1. Gerðu upp við hjáguðina og lifðu fyrir og í kærleika Guðs.
2. Þú skalt ekki leggja nafn Drottins Guðs þíns við hégóma.
2. Notaðu fúslega nafn Guðs og biddu um styrk hans – en til góðra verka.
3. Halda skaltu hvíldardaginn heilagan.
3. Unntu þér reglulegrar hvíldar og tíma til andlegrar íhugunar.
4. Heiðra skaltu föður þinn og móður.
4. Auðsýndu foreldrum þínum virðingu og kærleika. Láttu börnin þín njóta þess sama.
5. Þú skalt ekki mann deyða.
5. Verndaðu lífið og hlúðu að því í öllum myndum.
6. Þú skalt ekki drýgja hór.
6. Vertu maka þínum trú/r.



7. Þú skalt ekki stela.

7. *Berðu virðingu fyrir eigum og réttindum annarra.*

8. Þú skalt ekki bera ljúgvitni gegn náunga þínum.

8. *Vertu áreiðanleg/ur í hugsunum, orðum og verkum. Efndu loforð þín og baktalaðu engan.*

9. Þú skalt ekki girnast hús náunga þíns.


9. *Berstu gegn öfund og löngun til að eignast alla hluti.*

10. Þú skalt ekki girnast konu náunga þíns, þjón, þernu, fénað né nokkuð það sem náungi þinn á.

10. *Samfagnaðu meðbróður þínum þegar honum vegnar vel í lífinu.*

Ofanritað tilkynnist hér með.

Djúpavogi 25. feb. 2011;


Björn Hafþór Guðmundsson,
frkvstj. SSA

25. febrúar 2011

Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Menntamálanefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um mikilvægi fræðslu um kristni og önnur trúarbrögð og lífsviðhorf, 273. mál.

Þess er óskað að umsögn berist fyrir 14. mars 2011 á netfangið nefndasvid@althingi.is en jafnframt er óskað eftir að fá undirritað frumrit til skjalaskráningar sent til Nefndasviðs Alþingis, Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/139/s/0316.html>

Vakin er athygli á því að allar umsagnir um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls þegar það hefur verið rætt á nefndarfundi. Bent skal á að leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html.



Alþingi
Erindi nr. P 139/1701
komudagur 14.3.2011

SIÐMENNT
Félag siðrænna húmanista á Íslandi
Æsufelli 4, 2F
111 Reykjavík
www.sidmennt.is
sidmennt@sidmennt.is

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

14. mars 2011

Til Menntamálanefndar Alþingis

Umsögn Siðmenntar, félags siðrænna húmanista á Íslandi, um tillögu til þingsályktunar þingskjal 316 – 273 mál.

Stjórn Siðmenntar, félags siðrænna húmanista, vill koma á framfæri athugasemdum sínum við þingsályktunartillögu um mikilvægi fræðslu um kristni og önnur trúarbrögð og lífsviðhorf.

Siðmennt leggur til að tillagan verði felld.

GREINAGERÐ:

Allt frá stofnun Siðmenntar, árið 1990, hefur eitt af megin baráttumálum félagsins verið að vinna gegn lagasetningum sem mismuna lífsskoðunum og þeim félögum sem að þeim standa. Siðmennt hefur gagnrýnt lög um grunn- og leikskóla sem á árunum 1974-2008 hafa innihaldið markmiðsgreinar sem mismuna fólki. Þannig hefur í þeim hefur verið lögð áhersla á að kenna kristilegt siðferði umfram almennt siðferði sem gagnast fólki af öllum lífsskoðunum.

Í 2. grein laga um grunnskóla, sem samþykkt var árið 2008, segir m.a.:

Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi.

Hugtakið kristin arfleifð er frekar loðið og vakna spurningar um við hvað er átt með þessari útlitun. Markmið þingsályktunarinnar virðist ekki augljóst. Í henni vísa flutningsmenn til þessarar markmiðsgreinar og benda á að vanda þurfi til fræðslu um hinn kristna menningararf þjóðarinnar til þess að auka skilning á þeirri arfleifð. Það er mat Siðmenntar að kennarar í grunnskólum sinni þeirri vinnu nú þegar enda styðst námsskrá grunnskóla við löggin í þeim efnum. Siðmennt hefur aldrei lagst gegn kennslu um kristni eða aðrar lífsskoðanir, hvorki trúarlegar né veraldlegar. Siðmennt hefur bent á að það er eðlismunur á fræðslu um trúarbrögð og trúarinnrætingu og þann greinarmun hefur Mannréttindaráð Reykjavíkur einnig gert á vandaðan máta með þeirri reglugerð sem vísað er í.

Um greinagerð þingsályktunarinnar

Við lestur greinagerðar flutningsmanna virðist ljóst að þingsályktunartillagan er að einhverju leiti beint gegn tillögu Mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar um samskipti skóla og lífsskoðunarfélaga sem lögð var fyrir ráðið á síðasta ári. Fyrir þá sem lesið hafa tillöguna þá gengur hún út á að aðskilja trúboð, sem viðgengist hefur í sumum leik- og grunnskólum borgarinnar, frá starfi opinberra stofnanna. Verið er að setja fram samskiptareglur þar sem grundvallarmannréttindi foreldra eru höfð í hávegi: Að fá að senda börnin sín í almenna opinbera skóla án þess að þar sé reynt að innræta þeim lífsskoðanir eða fá til iðkunar á trúarsíðum sem samræmast ekki þeirra eigin. Foreldrar bera fulla og óskorða ábyrgð á uppeldi barna sinna hvort sem um er að ræða almennt uppeldi eða trúarlegt. Eina leiðin til að tryggja að fjölskyldum sé ekki mismunað að þessu leyti er að tryggja að skólahlald sé ekki merkt eða litað af einhverjum hópum, hvort sem það eru hópar í meirihluta eða minnihluta. Slík skipan er einmitt sú sem flest öll lagagerð í hinum Vestræna heimi í kjölfar Upplýsingarinnar miðaði að til að koma í veg fyrir eignun og mismunun. Þetta er hin veraldlega lýðræðisskipan sem tryggir best sátt og samlyndi í fjölmenningslegum þjóðfélögum.

Í þingsályktunartillögu Árna Johnsen og meðflytjenda felst sú hugmynd að ríkið beri skjöld og sverð kristninnar fyrir brjósti og leyfi svo hinum að fljóta með eða fái undanþágur til að komast undan innrætandi trúboði eða trúariðkun innan skólanna. Sumir skólar hafa starfað í þessum anda og hafa margar kvartanir borist undanfarinn ár vegna þessa.

Möguleikar foreldra til að sinna trúarlegu uppeldi barna sinna utan skóla eru ótal margir og er t.d. Þjóðkirkjan með mjög öflugt starf í húsnæði sínu. Það er algjör misskilningur að skólar í forsjá opinberra aðila eigi að sjá um trúarlegt uppeldi enda stangast það á við trú- og sannfæringarfrelsi. Trúfrelsi er ekki aðeins rétturinn til að stunda trú sína heldur einnig að vera án trúar.


Í greinagerðinni eru tvær setningar sem Siðmennt getur tekið undir og vill gera að sínum lokaorðum:

Mikilvægt er að skóli í fjölmennings- og fjölhyggjusamfélagi gæti að réttindum allra. Það er einnig mikilvægt að skólastarfið stuðli að umburðarlyndi og tillitssemi.

Tillaga sem gengur út á að upphefja eina lífsskoðun í opinberum skóli gengur þvert á innihaldi þessara setninga.

Stjórn Siðmenntar lýsir yfir vilja sínum til að mæta á fund menntamálanefndar til þess að rökstyðja svar sitt betur.

Virðingarfyllt
F.h. Siðmenntar



Bjarni Jónsson
sidmennt@sidmennt.is

13. mars, 2011

Umsögn frá Svavar Kjarrval Lútherssýni um:

Tillaga til þingsályktunar - um mikilvægi fræðslu um kristni og önnur trúarbrögð og lífsviðhorf.

139. löggjafarþing 2010–2011.

Þskj. 316 — 273. mál.

Til umfjöllunar í nefndinni er þingsályktunartillaga frá Árna Johnsen o.fl. sem hefur þann tilgang að veða á móti tillögum mannréttindaráðs Reykjavíkur sem flytjendur tillögunnar gagnrýna harkalega. Í gagnrýninni er sagt að kynning á kirkjulegu starfi eigi jafnmikinn rétt á sér og íþróttir. Líkt og íþróttafélögin er kynningin nokkuð einhliða; Eingöngu eru kynntir valmöguleikar þeirra sem stunda starfsemi sína í nánasta umhverfi. Nú er ég Hafnfirðingur og þar eru starfandi tvö íþróttafélög: Haukar og FH. Ekki datt skólanum í hug að bjóða öðrum íþróttafélögum að halda kynningu á starfsemi sinni þegar ég var í grunnskóla. Það er einmitt hættan ef trúfélög fá að halda kynningar. Þjóðkirkjan er þar ofarlega á blaði þar sem hún hefur svo mikinn stuðning frá ríkinu að hún getur viðhaldið starfsstöðvum í nágrenni allra íslenskra grunnskóla.

Flutningsmenn nefna einnig að fólk geti valið trúarbrögð til að ástunda. Ekki fer mikið fyrir trúnni ef hana má einfaldlega velja með því að benda á lista. Trú sem er einfaldlega valin er gervitrú. Líkja mætti þetta við að ryksugusölumenn mættu haida kynningu í grunnskólum og þar myndu börnin velja hvaða tegund þau halda sig við í framtíðinni. Í umræðunni má heldur ekki gleyma að börnin þurfa einnig að vita að þau þurfa ekki að velja eitt né neitt (þ.e.a.s. trúleysi). Með því að leyfa trúfélögum að kynna sín trúarbrögð er hættan á að börnunum finnist að þau verði að velja á milli þeirra sem kynntu sig. Trúfrelsi snýst aðallega það að allir hafa rétt á að trúa á það sem þeir vilja og að trúa ekki.

Í greinargerð tillögunnar er augljóst að flytjendur tillögunnar meta biblíuna meira en önnur trúarrit og er þingsályktunartillagan greinilega sniðin með kristni í huga. Það væri þó gagnlegt ef nemendur myndu læra um það að Þorgeir ljósvefningagoði setti lög um töku kristni um árið 1000 til að forðast átök við kristið fólk og um umburðarlyndi mótmælenda þegar Jón Arason og tveir synir hans voru hálshöggvir fyrir að vera kaþólskir biskupar á röngum tíma.

Þegar flytjendur tillögunnar nefna að kirkjan haf lýst yfir skilning á ólíku hlutverki skóla og kirkju eru þeir að meina þjóðkirkjuna eins og hún sé eina trúfélagið sem skiptir máli. Foreldrar geti dregið börn sín úr kynningum ef þeir kjósa það. Sumir skólar hafa þann háttinn á að kynna börnunum það sem á að gera og láta þau tilkynna foreldrunum það. Hvaða foreldri getur þá sagt barni sínu að það megi ekki taka þátt? Slíkar verklagsreglur verða þá að vera samræmdar milli skóla til að virða andlegt uppeldi barnanna.

Því er ekki mótmælt að trúarbragðafræðsla ætti að eiga sér stað en slíkar kynningar ættu að fara fram á fræðilegan hátt af fagaðilum. Seint kallast það fræðilegt hlutleysi ef trúfélögin sjálf ættu að sjá um kynningu á sjálfu sér. Því væri ekki vel tekið ef hver stjórnmalaflokkur ætti að kynna sína útgáfu af stjórnmalasögu Íslands og nemendum gefið tækifæri til að velja þá útgáfu sem þau halda að sé rétt. Gæta þarf þess mjög vel að öll helstu trúarbrögð og aðrar lífsskoðanir fái jafnmikinn tíma af hálfu skólans.

Mæli ég með því að þingsályktunartillagan verði **ekki samþykkt** af hálfu nefndarinnar.

Undirritað,
Svavar Kjarrval Lúthersson
Svavar Kjarrval Lúthersson